



RVK-16399 Erindi úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Móttekið	10.7.2025 15:38:26
Búið til dags.	10.7.2025 15:46:34
Tilheyrir	USK25070170 - Kæra vegna synjunar á aðgangi að gögnum - Ívar Pétur Guðnason
Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



anna.rosa.hedinsdottir@for.is has just sent this issue

Reykjavík / RVK-16399

Erindi úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Description:

Tilvísun í mál: ÚNU25070004

Góðan dag.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur borist kæra frá Ívari Pétri Guðnasyni vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar að synja beiðni hans um aðgang að gögnum, sjá nánar í meðfylgjandi kæru.

Með vísan til 2. mgr. 22. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, er Reykjavíkurborg veittur frestur til að skila umsögn um kærana og koma að frekari rökstuðningi fyrir ákvörðuninni til 24. júlí næstkomandi.

Þá er þess óskað að úrskurðarnefndinni verði innan sama frests afhent í trúnaði afrit af þeim gögnum sem kærana lýtur að. Vakin er athygli á því að umsögnin verður í kjölfarið send kæranda til athugasemda. Mikilvægt er því að trúnaðargögn og umfjöllun um þau séu aðskilin umsögn með skýrum hætti.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis.

Virðingarfyllst,
f.h. formanns úrskurðarnefndar um upplýsingamál,
Anna Rósa Héðinsdóttir

Samskipti í beiðni:

anna.rosa.hedinsdottir@for.is - Í dag 15:19

[1. Fylgiskjal með kæru.pdf](#)  (338 kB)

[2. Fylgiskjal með kæru.pdf](#)  (245 kB)

[Kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.pdf](#)  (607 kB)

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang:

anna.rosa.hedinsdottir@for.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud add-on

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Anna Rósa Héðinsdóttir

From: Ívar Pétur Guðnason [REDACTED]
Sent: miðvikudagur, 9. júlí 2025 11:04
To: Úrskurðarnefnd um upplýsingamál
Subject: Kæra v. neitunar Reykjavíkurborgar á að veita upplýsingar um starfsmennn
Attachments: TP11juni2025.pdf; TP30jun7jul.pdf

Sent to GoPro Case: -1

Til úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Reykjavík, 9. júlí 2025

Sendandi er Ívar Pétur Guðnason, kt. [REDACTED], til heimilis að [REDACTED] 108 Reykjavík. Tölvupóstfang er [REDACTED] og sími er [REDACTED]

Kæran beinist gegn Reykjavíkurborg, kt. 530269–7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Þess er krafist að í krafti 2. tl. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga verði kærða gert að verða við beiðnum kæranda um upplýsingar um starfsmenn er settar voru fram í tölvupóstum dags. 11. júní 2025 og 30. júní 2025.

Fyrri póstur kæranda 11. júní s.l. segir:

„Ég verð að ítreka að ég fái nú þegar svar er byggingarfulltrúinn útbjó 31. mars en neitar að afhenda mér skriflega! Ég vil nú þegar fá upplýsingar um hver á að vera að vinna að málinu, sem er tvö erindi um sama mál. Þarf upplýsingar um nafn starfsmannsins, stöðuheiti, nafn næsta yfirmanns og kannski fleira?“

Ekkert svar barst við þessum tölvupósti

Pósturinn 30. júní segir m.a.:

„Vinsamlegast sendið mér upplýsingar um nafn og kennitölu þeirra einstaklinga er gegna stöðu byggingarfulltrúa og stjórna eftirlitsdeild hans.“

Þessum pósti var svarað 7. júlí s.l. af skrifstofufulltrúa byggingarfulltrúans er sagði:

„Hægt er að hafa samband við HMS og fá hjá þeim upplýsingar um byggingarfulltrúa landsins. Gefum ekki upp nöfn einstaklinga í stjórn eftirlitsdeildarinnar.“

Svarinu er nú annars áfátt á ýmsa vegu.

Athugið að ég er að spyrja vegna máls síðan 19. mars s.l. er byggingarfulltrúinn neitar mér um skriflegt svar við.

Virðingarfyllst,

Ívar Pétur Guðnason